

Ágætu sveitarstjórnarmenn, starfsmenn, framkvæmdastjóri og aðrir gestir.

Starf Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra hefur verið með ágætum á síðasta starfsári og má segja að við séum að ná landi eftir ólugsjó síðustu ára. Samstarf sveitarfélaga á Norðurlandi vestra er okkur mikilvægt því ljóst má vera að ef eitthvert svæði eða sveitarfélag gefur eftir hefur það áhrif á heildina og öfugt að öflug eining styrkir nágrennasveitarfélög. Sveitarfélögin í landshlutanum er misjöfn eins og þau eru mörg og er það einn af mörgum kostum svæðisins, sem og einn af göllum.

Staða í landshlutanum

Íbúapróun í landshlutanum hefur ekki verið okkur hliðholl undanfarinn áratug og því var það gleðifrætt þegar íbúatölur fyrir árið 2016 lágu fyrir að fjölgað hafði í landshlutanum um 28. Áhyggjuefnið er að fjölgunin er aðeins í fjórum af sjö sveitarfélögum og þó aðallega í tveimur. Alls voru íbúar á Norðurlandi vestra þann 1 janúar 2017, 7156 talsins. Mesta fjölgunin á svæðinu er í Skagafirði eða um 30 en fækkar mest á Skagaströnd um 10.

Það er ljóst að landshlutinn á í vök að verjast og mikilvægt fyrir sveitarstjórnarmenn á svæðinu að snúa bökum saman er kemur að því að verja hagsmuni svæðisins. Engu á að skipta hvar menn eru á litrófi hins pólitíska landslags, hagsmunir svæðisins hljóta og eiga að vera settir framur en til þess erum við jú kjörin. Frá því má aldrei hverfa.

Barátta fyrir því að fá inn í landshlutann opinber störf skilaði á þriðja tug starfa til landshlutans og mikilvægt er að halda áfram á þeirri braut. Við á þessu svæði erum með hátt hlutfall opinberra starfa og hefur það verið gagnrýnt en við vitum, sem hér erum inni, hvað þetta hefur þýtt fyrir svæðið, að fá Vinnumálastofnun á Skagaströnd og Sauðárkrók, Fæðingarorlofsjóð á Hvammstanga og Byggðastofnun og Íbúðalánasjóð á Sauðárkrók. Við höfum gert þetta vel, reynslan er góð af því að reka þessar stofnanir á okkar svæði og ekkert því fyrirstöðu innan svæðis að taka á móti fleirum eða efla þær einingar sem fyrir eru. Jafnframt verðum við að vinna að því að gera undirstöðurnar á svæðinu þannig að það sé samkeppnishæft við önnur svæði er kemur að vali fyrirtækja um staðsetningu. Eigum við í því ljósi bæði að líta til stórra og lítilla fyrirtækja. Fjölbreytnin vinnur með okkur.

Eitt af áhersluverkefnum ársins 2015 var að styrkja starfsemi frumkvöðla og sprotafyrirtækja á Norðurlandi vestra með markaðsátaki. Það er mikilvægt fyrir okkur sem erum í brúnni að hlúa vel að frumkvöðlum og sprotafyrirtækjum og skapa þannig umhverfi á Norðurlandi vestra að hér sé góður og spennandi staður fyrir frumkvöðla að setja sig niður.

Hafursstaðir

Eitt af verkefnum samtakanna árið 2016 og 2017 er að vinna að uppbyggingu mannaflsfreks iðnaðar á svæðinu. Fyrir liggur samþykkt Alþingis um iðnaðaruppbyggingu í Austur - Húnavatnssýslu og nýtingu orku Blönduvirkjunar. Ég hvet sveitarstjórnarmenn á Norðurlandi vestra til að láta ekki deigan síga og halda kyndli verkefnisins hátt á lofti. Er það trú mín að ef þetta verkefni, sem kennt hefur verið við Hafursstaði, verði að veruleika munum við sjá gjörbreytta og jákvæðari mynd af svæðinu en áætlað er að verkefnið muni skapa um 400 störf þegar verksmiðjan er kominn í gang. Það er pólitísk ákvörðun hvar næsti iðjukostur verður settur niður og það hlýtur að vera krafa okkar á Norðurlandi vestra að sú staðsetning verði á Norðurlandi vestra. Röðin er komin að okkur, við hljótum að vera númer 1 í röðinni.

Eitt af því sem hefur sett strik í reikninginn varðandi Hafursstaði er orka og orkuöflun en þrátt fyrir að við höfum talað fyrir því að orkan í verkefnið eigi að koma úr Blöndu þá er ljóst að sú orka er þegar seld og því nauðsynlegt að virkja annars staðar á móti. Sú staða sem uppi er í orkumálum á Norðurlandi og sér í lagi á Norðurlandi vestra er grafalvarleg. Norðurland er orkulaust og ekki séð að úr því verði bætt á næstu árum eða áratugum. Ef sú tillaga nær fram að ganga, sem kynnt er í rammaáætlun, eru allir virkjanakostir í Skagafirði settir í verndun sem þýðir að möguleikar svæðisins til styrkingar eru stórlega laskaðir. Þau vinnubrögð að byggja á niðurstöðu tveggja af fjórum faghópum verður að teljast ófagleg og mögulega ólögleg, líkt og fram kom í bókun SSNV um frumvarpið. Það að meta ekki samfélagsleg og hagræn áhrif virkjana en aðeins að líta á umhverfissjónarmið getur ekki verið til þess fallið að ná sátt um verkefnið líkt og upphaflega var stefnt að. Um málið eru skiptar skoðanir og því mikilvægt að faglega sé unnið og farið eftir þeim reglum sem settar hafa verið þegar komast á að niðurstöðu. Það er mitt mat að við sem á svæðinu búum eigum að fá að eiga lokaorðið um hvort við viljum nota orku svæðisins eða ekki og þá hvernig.

Skólamál

Við á Norðurlandi vestra erum svo lánsöm að búa við þær aðstæður að hér á svæðinu eru öll skólastig, frá leikskóla að háskóla. Þar liggja tækifæri sem okkur ber að nýta. Efling FNV er svæðinu lífsnauðsynleg og mikilvægt að standa saman um hag og velferð skólans. Iðnnám skólans er rómað og að mínu viti liggja sóknarfæri skólans ekki síst þar. Við þurfum að koma þeim námsgreinum, sem hafa verið á hrakhólum og eru nú kenndar utan skólahúsnæðisins, inn í skólann. Hraða þarf þeirri vinnu að koma upp fjölnota húsnæði til viðbótar við núverandi húsnæði skólans. Skólinn má ekki lenda á eftir öðrum skólum, við verðum og eigum að vera leiðandi skóli og metnaður aðildarsveitarfélaganna á að vera á þá leið.

Háskólann á Hólum þarf sömuleiðis að standa vörð um en ljóst er að uppi eru ýmsar skoðanir og hugmyndir um sameiningar háskólanna og vill ég ítreka mína skoðun um sjálfstæði Háskólans á Hólum og mikilvægi þess sjálfstæðis fyrir framtíð svæðisins. Það er í þessu máli eins og öðrum að krafa okkar á Norðurlandi vestra hlýtur að vera sú að yfirstjórn þeirrar stofnana sem á svæðinu eru séu innan landshlutans. Þannig stöndum við vaktina sjálf.

Verslum í heimabyggð

Við höfum verið að berjast árum saman fyrir eflingu svæðisins og reynt að draga hingað störf, fyrirtæki, stofnanir og einstaklinga til að efla samfélagin og renna styrkari stoðum undir þá starfsemi sem fyrir er á svæðinu. Það er hinsvegar þannig að við höfum, að mínu viti, allt of lítið horft inn á við og spurt okkur hvernig við getum sjálf eflt okkur og styrkt. Í þeirri viðleitni fól stjórn SSNV framkvæmdarstjóra samtakanna að skoða með hvaða hætti hægt væri að auka viðskipti aðila innan svæðis og hvað sú aukning gæti mögulega skilað okkur mörgum störfum. Niðurstaðan var sú að erfitt var að fá með einhverri nákvæmni fjölda starfa en ljóst þó að þau eru fjölmörg og höfum við nú þegar, í ljósi þessa, auglýst og hvatt fyrirtæki og einstaklinga til að versla í heimabyggð. Það er okkar trú að slík vitundarvakning, að vekja fólk til umhugsunar um mikilvægi þess að halda virðisaukanum heima, muni skila sér.

Um Samtökin:

Rekstur samtakanna gekk vel á síðasta ári og nú er svo komið að mikið fé er til í sjóðum samtakanna sem fyrir mína parta er umhugsunarefni en öllum ætti að vera ljóst að samtökin eru ekki stofnuð til að vera féhirðir fyrir sveitarfélögin og mikilvægt að koma því fjármagni í vinnu til hagsbóta fyrir sveitarfélögin á svæðinu. Það getur ekki verið vilji okkar, sem hér eru inni, að sitja á digrum sjóðum á meðan sveitarfélögin þurfa að kasta frá sér góðum og spennandi verkefnum einfaldlega vegna þess að þessi verkefni komast ekki inn í fjárhagsáætlanir sveitarfélaganna. Á þessu verður að taka. Við þurfum að vera óhrædd að stíga áfram því kyrrstaða skilar okkur engu.

Hvar viljum við vera? Hvert ætla samtökin að stefna? Hvernig uppbyggingu sjáum við fyrir okkur hjá samtökunum í framtíðinni? Það sem kom mér mest á óvart þegar ég fór á minn fyrsta fund allra landshlutasamtakanna var hversu ólík samtökin eru í uppbyggingu og hversu ólík starfsemi samtakanna er. Það er mikilvægt fyrir þá sem eru í stjórn hverju sinni að vera meðvitaðir um að þó að uppbygging samtakanna sé með þeim hætti sem nú er, þýðir það ekki að samtökin skuli ávallt, um ókomna framtíð vera í þeim ramma. Það má breyta. Það á að breyta telji menn það rétt fyrir samtökin og fyrir aðildarsveitarfélögin. Ég hvet aðildarsveitarfélög SSNV til að leggjast í vinnu við að skilgreina, hvert um sig, hvað þau vilja fá út úr samtökunum. eru sveitarfélögin sáttt við uppbyggingu samtakanna, vilja þau sjá hlutina gerða með öðrum hætti, og þá hvaða hætti? Gagnrýnum til góðs. Verum óhrædd að skoða með hvað hætti getum við, sveitarfélögin á Norðurlandi vestra, fengið sem mest út úr SSNV og þeirri starfsemi sem þar er inni.

Við getum sótt verkefni. Sveitarfélögin geta útvistað verkefnum í meira mæli til samtakanna og við getum fært sameiginleg verkefni inn í samtökin s.s. heilbrigðiseftirlitið, Norðurá, málefni fatlaðra, sameiginlega barnaverndarnefnd, brunavarnir o.s.frv.

Hin leiðin er að fækka verkefnum, skera utan af og vera eingöngu með kjarnastarfsemi sem samningar eru um. Hvað verkefni eru lögbundin verkefni landshlutasamtaka? Sóknaráætlun og úthlutun úr Uppbyggingarsjóði. Hvað meira? Eigum við að vera með atvinnuráðgjafa, er það verkefni sveitarfélaganna? Er því verkefni betur fyrir komið hjá sveitarfélögum sjálfum eða eigum við að útvista þessu alveg líkt og gert er á Suðurlandi. Eigum við að stofna atvinnuþróunarfélag eða félög? Þetta þurfum við að ræða. Hvað viljum við að SSNV geri?

Við þurfum ekki að finna upp hjólið, við getum litið til annarra samtaka og tekið það sem við höldum að virki vel hjá okkur og notað það og hent því sem við teljum að nýtist okkur síður. Það getur líka verið mismunandi hvað hentar á hverjum tíma. Við sem erum í forsvari fyrir samtökin, sveitarstjórnarfolk á Norðurlandi vestra, þurfum að vera sveigjanleg því starfsemin er lifandi og verður að fá að þróast og þroskast með tíðarandanum.

Hvert stefnir svæðið ?

Hvert stefnir svæðið ? Hvar sjáum við svæðið eftir 10 ár eða 20 ár? Verður þetta enn landbúnaðarsvæði með mörgum búum eða verða búin orðin stærri og færri? Eða fleiri og stærri? Hvernig verður með útgerð á svæðinu, hvar verður útgerð? Mun allt snúast um ferðamenn, verður kominn upp mannaflsfrekur iðnaður á svæðinu? Eigum við að gera út á ósnortna náttúru og víðerni svæðisins? Getum við gert þetta saman?

Já ég held það. Spurningin er, hvert viljum við fara? Hvaða leið ætlum við að fara? Við þurfum að fara í þá vinnu að setja upp sviðsmyndir og gera áætlanir um hvernig við komust þangað sem við viljum. Fyrst þurfum við að ákveða hvert við viljum fara. Við þurfum að vera samtaka í því og sammála um hvert för skal heitið og þá komumst við á leiðarenda.

Markmiðin þurfa að vera raunsæ en metnaðarfull. Þurfum við að sameina sveitarfélögin? Dugar sameining í Austur -Hún. og vera þá með 1100 manna sveitarfélag í V-Hún, 2000 manna sveitarfélag í A - Hún og 4000 manna sveitarfélag í Skagafirði? Þurfum við frekari sameiningar til að styrkja einingarnar? Eigum við að einblína frekar á samstarf en sameiningu eða erum við búinn að átta okkur á því að sú leið hefur ekki skilað okkur því sem til var ætlast? Við höfum ekki náð að spyrna við fótum, nema að litlu leyti.

Það er ánægjulegt frá því að segja að sveitarfélagið Skagafjörður, Skagabyggð og Akrahreppur hafa ákveðið að fara í viðræður um sameiningu þessara sveitarfélaga sem yrði að mínu viti mikið gæfuskref fyrir svæðið.

Í lokin

Ég held að það sé verkefni stjórnar SSNV og okkar allra að taka þessa umræðu og setja af stað vinnu til að reyna að komast áfram með þessar hugmyndir og umræðufleti sem ég hef komið inn á hér í dag og marka alvöru stefnu fyrir landshlutann til næstu 20 ára. SSNV 2050

Ég vil fá að nota þetta tækifæri og þakka stjórn og starfsmönnum samstarfið en síðast en ekki síst vil ég fá að þakka Birni Líndal fyrir hans vinnu og held að okkur hafi tekist einstaklega vel með ráðningu á framkvæmdarstjóra.

Kærar þakkir.